# DEILISKIPULAG FRÍSTUNDABYGGÐAR VIÐ EYJAFLÖT

# EYJAR 2 Í KJÓSARHREPPI

## 1 ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Deiliskipulag frístundabyggðar Eyjaflatar í landi Eyja II í Kjósarhreppi er innan frístundabyggðar F13a skv. Aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029. Innan svæðisins eru skilgreindar sex frístundalóðir. Stærð lóða er frá 3340 m² til 3470 m². Nýtingarhlutfall er 0,03 sbr. Aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029. Frístundalóðirnar eru staðsettar á túnum norðan við eldri frístundabyggð. Aðkoma verður af Meðalfellsvegi (461) að frístundabyggðinni.

### 1.1 Markmið og forsendur skipulagsins

Landeigendur vilja sjá uppbyggingu á jörð sinni og nýta þannig þá auðlind sem landið er í sjálfu sér og fylgja línum sem lagðar eru í Aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029. Deiliskipulaginu er ætlað að skapa skýran ramma utan um uppbyggingu sex frístundalóða.

### 1.2 Aðrar skipulagsáætlanir

#### 1.2.1 Aðalskipulag

Aðalskipulag Kjósarhrepps 2017-2029 var staðfest af Skipulagsstofnun þann 4.12.2018. Í aðalskipulagi er skilgreint 17 ha svæði til frístundabyggðar (F13a) í landi Eyja II. Í stefnu aðalskipulags er kveðið á um að nýjar lóðir skulu að jafnaði vera á stærðarbilinu 0,3-1 ha og nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03. Heildar byggingarmagn á lóð verði þó ekki meira en 200 m², þar meðtalið geymslur, gestahús, skúrar og skýli. Mænishæð getur verið að hámarki 6 m m.v. gólfhæð neðstu hæðar. Deiliskipulag þetta er í samræmi við aðalskipulag.

#### 1.2.2 Deiliskipulag

Suðaustan við skipulagssvæðið er í gildi deiliskipulag fyrir frístundabyggð í hlíð Eyjafells í landi Eyja II. Um er að ræða gróna og gamla frístundabyggð. Deiliskipulagið öðlaðist gildi 1988.

## 2 STAÐHÆTTIR

### 2.1 Fornminjar

Búið er að vinna fornleifaskráningu ásvæðinu, samkvæmt henni er einar fornleifar skráðar innan skipulagssvæðis. Fornleifaskráning var gefin út árið 2006, Eyjar II í Kjós, Deiliskráning á tveimur skipulagsreitum (Birna Lárusdóttir, 2006) og aðalskráning fornleifa árið 2008, Fornleifaskráning í Kjósarhreppi I (Ásta Hermannsdóttir o.fl., 2008). Samkvæmt fornleifaskráningunni sem unnin var árið 2006 eru einar fornleifar GK-338:017 skráðar og eru leifar af götuslóðum. Göturnar eru misgreinilegar en þegar best lætur sjást allt að 14-15 paldrar sem eru að langmestu leyti grónir nema efsta gatan sem er greinilega fjárgata nú. Óskað var eftir áliti Minjastofnunar Íslands um hvort heimilt væri að leggja veg í götuslóðana. Í umsögn stofnunarinnar dags. 20.09.2024 kemur fram að heimilað sé að leggja veg í hluta götunnar, að því tilskildu að umfang og afstaða götunar, sem og sá hluti sem fer undir nýjan veg, séu skýrlega tilgreind. Jafnframt kom fram í umsögninni að Minjastofnun Íslands krefjist ekki uppfærslu á fornleifaskráningu fyrir skipulagssvæðið, en sú skráning er frá árinu 2006. Fleiri fornleifar eru ekki þekktar á svæðinu en samanber 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 *„Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“*

### 2.2 Náttúrufar

#### 2.2.1 Veðurfar og náttúruvá

Jarðskjálftahætta er lítil á svæðinu og ólíklegt er að sterkur skjálfti verði á þessum slóðum með hliðsjón af legu helstu skjálftabelta.

Staðbundið ofanflóðahættumat fyrir skipulagsvæðið var unnið af Veðurstofu Íslands 30. júní 2023. Í því kemur fram að hlíðar Eyjafells eru innan hættusvæðis vegna ofanflóða. Afmörkun hættusvæðis er sýnd á skipulagsuppdrætti, jafnáhættulína er rauð en óheimilt er að byggja ofan hennar, A-hættulína er gul, svæðið þar á milli flokkast sem hættusvæði. Lóðir innan skipulagssvæðis liggja utan hættusvæðis. Vegurinn Eyjatjörn er innan hættusvæðis.

#### 2.2.2 Vistgerðir og fuglalíf

Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands, *Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi* (NÍ, 2024), eru vistgerðir á skipulagssvæðinu sem hafa mismunandi verndargildi. Svæðið liggur í grennd við votlendissvæði Eyjatjarnar. Á lóðum við Eyjaflöt er að finna tún og akurlendi, vistgerðir sem ekki njóta sérstakrar verndar, en jarðvegur þar er talinn þykkur og kolefnisríkur. Samkvæmt umsögn Náttúrufræðistofnunar þann 17. mars 2025, er mikilvægt að vernda slíkan jarðveg. Í sömu umsögn kemur fram að blautustu flóarnir suðvestan Eyjatjarnar séu ranglega flokkaðir sem mólendi eða moslendi á vistgerðarkortinu og er því ekki æskilegt að nýta vistgerðakortið í svo nákvæmum mælikvarða. Einnig kemur fram að fjöldi fuglategunda nýti Eyjatjörn og nærliggjandi svæði, bæði sem varpsvæði og til annarra nytja. Þar má nefna flórgoða, hettumáf og álftir, en einnig andategundir eins og rauðhöfðaönd, skúfönd og duggönd. Þá hafa einnig sést flækingar á borð við bjarthegra, gráhegra og ljóshöfðaönd. Eyjatjörn og nánasta umhverfi hennar er því talið mikilvægt fyrir margar fuglategundir. Í umsögnin kemur meðal annars fram að rannsóknir benda til þess að landbúnaðarland undir 50 metrum yfir sjávarmáli hafi jákvæð áhrif á fuglalíf, sérstaklega þegar mikið er um votlendi á svæðinu. Vegurinn Eyjatjörn liggur innan svæðis sem inniheldur vistgerðir með hátt til mjög hátt verndargildi skv. vistgerðarkortinu en vegurinn Eyjatjörn er að mestu leiti á þurrlendi þar sem lega hans var kortlögð í vettvangsathugun með það að markmiði að forðast votlendi. Vegurinn liggur að mestu í jaðri votlendis og er því talið að áhrif hans á votlendissvæðin við Eyjatjörn verði lítil.

Til þess að lágmarka neikvæð áhrif á vistkerfin í kring var ákveðið að staðsetta frístundalóðir við Eyjaflöt innan túna til að forðast rask á óröskuðum svæðum. Túnin liggja í nágrenni við eldri, gróna frístundabyggð þar sem umhverfisáhrif hafa þegar átt sér stað.

## 3 SKIPULAGSSKILMÁLAR

### 3.1 Samgöngur

Aðkoma að skipulagsvæðinu verður um veg sem tengist Meðalfellsvegi (461). Nýja vegtengingin er ætluð að þjóna bæði nýrri og eldri frístundabyggð. Um er að ræða tvo vegi Eyjatjörn og Eyjaflöt. Uppbygging innan svæðisins er óheimil þar til framkvæmdir við nýja vegtengingu hefur verið lokið. Vegir skulu vera a.m.k. 4,5 metra breiðir. Veghelgunarsvæði er a.m.k. 4,25 m frá miðlínu vegar. Framtíðar vegtengingar merktar „T“ eru fyrirhugaðar sem tengingar við stækkun frístunda- og íbúðarbyggðar. Vegna brunavarna skulu vegir þola 20 tonna öxulþunga allt árið, snúningsplan skal vera við enda botnlanga. Bílastæði skulu vera innan lóða og skal útfærsla þeirra sýnd á byggingarleyfisteikningu.

### 3.2 Gönguleið / útivistarsvæði

Gert er ráð fyrir akfærri gönguleið milli lóða við Eyjaflöt og Eyjafell og er aðkomuleið að götuskáp merktum með „R“ á uppdrætti. Gert er ráð fyrir útivistarsvæði til alhliða leikja og útivistar fyrir alla lóðarhafa austan við Eyjaflöt 2 og hafa allir jafnan rétt til afnota af því. Heimilt er aðsetja upp leiktæki og útigrill ásvæðinu.

### 3.3 Gróður

Lóðarhafa er heimilt að gróðursetja á lóð sinni, en vegna brunavarna skal ekki gróðursetja nær byggingum en 3 metrum. Stærri trjám skal velja stað þannig að þau varpi ekki skugga á hús/pall nágranna eða hindri útsýni nágranna.

### 3.4 Veitur og sorp

Heimilt er að leggja veitumannvirki í veg, innan vegsvæðis og áskilgreindum opnum svæðum. Heimilt er að viðhalda og endurnýja núverandi lagnir.

**Neysluvatn** er sótt úr vatnsbóli við Hnífshóla ásamt vatnsbóli við rætur Meðalfells í landi Eyja II, þ.e. Gróukot, þau eru ekki skilgreind í aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029. Vatnsból sjást á yfirlitskorti.

**Hitaveita** er á vegum Kjósarveitna ehf. Nýr vegur fer yfir hitaveitulögn á gatnamótum á milli Eyjaflatar og Eyjatjarnar. Breidd helgunarsvæðis lagnar er 6 m, þ.e. 3 m beggja vegna frá legu lagnar. Svæðið skal ávallt vera aðgengilegt til viðgerða á lögn.

**Rafmagn** er fengið frá dreifikerfi RARIK. Gert er ráð fyrir akfærri gönguleið að götuskáp sem er staðsettur suðaustan við Eyjaflöt 4, sjá merkt með „R“ á uppdrætti.

**Fráveita** skal lögð í fráveitukerfi, lóðarhafar geta sameinast um fráveitukerfi, séu öll skilyrði uppfyllt. Aðkoma hreinsibíla að fráveitukerfi skal vera aðgengileg. Fráveita skal vera 10 m frá lóðamörkum. Gerð og nákvæm staðsetning fráveitukerfis innan lóðar er háð samþykki heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Óheimilt er að losa hættuleg efni og/eða hættulegan úrgang á svæðinu. Ganga skal frá fráveitu skv. byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglugerðum fráveitur og skólp nr. 798/1999 m.s.br.. Einnig er vísað í samþykkt nr. 183/2007 sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda um hreinsun, losun og frágang rotþróa í Kjósarhreppi og í leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um *Minni fráveitur* (2022).

**Vatn til slökkvistarfa** er fengið úr Eyjatjörn og tankbíl slökkviliðs.

**Sorp,** losun og förgun skal vera í samræmi við reglur sveitarfélagsins hverju sinni og landsáætlun um meðhöndlun úrgangs.

### 3.5 Girðingar

Óheimilt er að setja niður girðingar á einstakar lóðir, heimilt er að girða allt svæðið af í heild sinni.

## 4 BYGGINGARSKILMÁLAR

Framkvæmdaraðili sækir um byggingarleyfi til byggingarfulltrúa Kjósarhrepps.

| Heiti | Lóðastærð (m²) | Nýtingarhlutfall | Hámarks byggingarmagn (m²) | Skilmálar | Lýsing |
|---|---|---|---|---|---|
| Eyjaflöt 2 | 3340 | 0,03 | 100 | Heimilt er að byggja eitt frístundahús og tvö aukahús, samanlögð stærð aukahúsa skal ekki vera meiri en 30 m². | Ný frístundalóð |
| Eyjaflöt 4 | 3340 | 0,03 | 100 | Heimilt er að byggja eitt frístundahús og tvö aukahús, samanlögð stærð aukahúsa skal ekki vera meiri en 30 m². | Ný frístundalóð |
| Eyjaflöt 6 | 3340 | 0,03 | 100 | Heimilt er að byggja eitt frístundahús og tvö aukahús, samanlögð stærð aukahúsa skal ekki vera meiri en 30 m². | Ný frístundalóð |
| Eyjaflöt 8 | 3340 | 0,03 | 100 | Heimilt er að byggja eitt frístundahús og tvö aukahús, samanlögð stærð aukahúsa skal ekki vera meiri en 30 m². | Ný frístundalóð |
| Eyjaflöt 10 | 3340 | 0,03 | 100 | Heimilt er að byggja eitt frístundahús og tvö aukahús, samanlögð stærð aukahúsa skal ekki vera meiri en 30 m². | Ný frístundalóð |
| Eyjaflöt 12 | 3470 | 0,03 | 104 | Heimilt er að byggja eitt frístundahús og tvö aukahús, samanlögð stærð aukahúsa skal ekki vera meiri en 30 m². | Ný frístundalóð |

### 4.1 Frístundalóðir

**Byggingarreitur:** Á hverri lóð er skilgreindur byggingarreitur. Lágmarks fjarlægð byggingarreits frá lóðarmörkum er tíu metrar sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

**Byggingarmagn:** Hámarks byggingarmagn er í samræmi við nýtingarhlutfall aðalskipulags, þ.e. 0,03, hámarks byggingarmagn er sýnt á skipulagsuppdrætti og í töflu. Heimilt er að byggja eitt frístundahús og tvö aukahús, samanlögð stærð aukahúsa skal ekki vera meiri en 30 m².

**Byggingarefni:** Óheimilt er að klæða hús með byggingarefni sem endurvarpar ljósi.

**Litaval:** Hús skulu vera í jarðlitum og skal þaklitur vera dökkur.

**Mænishæð:** Hámarks mænishæð skal ekki vera meiri en 6 m. Mænishæð aukahúss skal ekki vera meiri en 4,5 m. Vegghæð er frjáls.

**Þakgerð:** Þakform skal vera mænisþak eða einhalla. Þakhalli skal vera að lágmarki 1:40 og vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012.

**Mænisstefna:** Sýnd á uppdrætti. Heimilt er að hafa mænisstefnu 90°á uppgefna stefnu.

**Lýsing** skal vera lágstemmd og miða að því að lýsa upp útveggi, gönguleiðir og verandir. Heimilt er aðstaðsetja útiljós á bílastæðum við frístundahús. Ljósgjafi skal lýsa á flöt og skal ekki valda óþarfa ljósmengun.

**Aukahús:** Má þjóna sem geymsla, svefnhýsi, gufubað og/eða garðhús. Aukahús skal vera nærri frístundahúsi og tengjast því með sólpalli, skjólvegg og/eða burðabita, sé þess kostur. Hámarks stærð aukahúss má vera 30 m², en þá er einungis heimilt að byggja eitt aukahús á lóð, þar sem heildar byggingarmagn aukahúsa er 30 m².

## 5 UMHVERFISÁHRIF

Við gerð deiliskipulags var lögð áhersla á að vernda óröskuð svæði og lágmarka umhverfisáhrifin með því að staðsetja frístundalóðir í nálægð við nú þegar byggða frístundabyggð. Þrátt fyrir þessa tilhögun mun frístundabyggðin að einhverju leyti raska vistgerðum sem hafa hátt til mjög hátt verndargildi. Það hefur neikvæð áhrif á bæði vistgerðirnar og búsvæði fugla, en talið er að áhrifin séu minniháttar og staðbundin. Á framkvæmdartíma er mikilvægt að gæta þess að lágmarka áhrif á votlendið í kring. Jarðraski sem fylgir framkvæmdum skal stillt í hóf eins og kostur er og ef landsár verða skal lóðarhafi græða þau jafnóðum upp.

## 6 KYNNING OG SAMRÁÐ

Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 30. janúar 2025 lýsingu á deiliskipulagstillögu frístundabyggð Eyjatjarnar í landi Eyja II. Kynning lýsingar var birt á heimasíðu sveitarfélagsins, skipulagsgátt og auglýst frá 17. febrúar til 17. mars 2025. Á auglýsingartíma lýsingar bárust umsagnir frá Vegagerðinni, Minjastofnun Íslands, Skipulagsstofnun, Rarik, Náttúrufræðistofnun og Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins og nokkrar ábendingar. Brugðist hefur verið við umsögnum og ábendingum við gerð deiliskipulagstillögu.

Samkvæmt bókun skipulags-, umhverfis- og samgöngunefndar þann 30. október 2025 var lagt til að sveitarstjórn samþykkti tillögu deiliskipulags til auglýsingar, með fyrirvara um að settur verði inn texti í deiliskipulag um að ekki verði heimiluð uppbygging á nýju svæði fyrr en ný vegtenging hefur verið lögð. Sveitarstjórn tók málið fyrir og samþykkti tillöguna til auglýsingar þann 5. nóvember 2025, með fyrirvara um umrædda vegtengingu. Í framhaldi af því voru gerðar breytingar á kafla 3.1 *Samgöngur*, þar sem bætt var við umfjöllun um heimilaða uppbyggingu að nýrri vegtengingu lokinni. Einnig var kafli *Kynning og samráð* uppfærður til samræmis.

Á auglýsingartíma gefst almenningi sem og lögbundnum umsagnaraðilum tækifæri til aðkoma með umsögn og athugasemdir. Að auglýsingatíma loknum fer deiliskipulagið fyrir sveitastjórn til samþykktar. Að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnar skal senda tillöguna til yfirferðar Skipulagsstofnunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan þriggja vikna er tillagan auglýst í B-deild Stjórnartíðinda sbr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og tekur þá deiliskipulagið gildi. Reikna má með að það verði í febrúar 2025.

## 7 HEIMILDIR


Ásta Hermannsdóttir, Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir og Unnur Magnúsdóttir (2008). *Fornleifaskráning í Kjósarhreppi I*. Fornleifastofnun Íslands. https://skraning.minjastofnun.is/Verkefni_1510.pdf

Birna Lárusdóttir (2006). *Eyjar II í Kjós. Deiliskráning á tveimur skipulagsreitum*. Fornleifastofnun Íslands. https://skraning.minjastofnun.is/Verkefni_1097.pdf

Náttúrufræðistofnun (2024). *Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi*. https://vistgerdakort.ni.is/


Að öðru leyti er vísað til gildandi laga og reglugerða sem viðeiga, s.s. skipulagslög nr. 123/2010, lög um mannvirki nr. 160/2010, lög um náttúruvernd nr. 60/2013, vegalög nr. 80/2007, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, lög um menningarminjar nr. 80/2012, lög um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús nr. 75/2008, lög um brunavarnir nr. 75/2000, lög um meðferðelds og varnir gegn gróðureldum nr. 40/2015. skipulagsreglugerðnr. 90/2013, byggingarreglugerðnr. 112/2012 og reglugerðum neysluvatn nr. 536/2001, reglugerðum varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999, reglugerðum fráveitur og skólp nr. 798/1999, reglugerðum meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023 og reglugerð um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats nr. 505/2000

## AÐALSKIPULAG KJÓSARHREPPS 2017-2029




Hluti sveitarfélagsuppdráttar — 1:50.000

## YFIRLITSKORT




Staðsetning vatnsbóla — Ekki í mælikvarða

**SKÝRINGAR YFIRLITSKORTS**

- Vatnsból deiliskipulags
- Önnur vatnsból sem eru í aðalskipulagi

## SKIPULAGSUPPDRÁTTUR




**SKÝRINGAR SKIPULAGSUPPDRÁTTAR**

- Skipulagssvæði
- Lóðamörk
- Byggingarreitur
- Útivistarsvæði
- Hitaveita og ljósleiðari
- Vegur
- (T) Framtíðar vegtengingar
- Gönguleið
- 100 m² Hámarks byggingarmagn á lóð
- Mænisstefna
- nr Hnitpunktur
- 3340 m² Lóðarstærð
- Bílastæði
- (R) Götuskápur
- A-hættulína
- Jafnáhættulína
- Fornminjar
- Fornminjar sem verða fyrir raski

## HNITASKRÁ - ÍSN93

### Lóðamörk

| Hnit | X | Y |
|---|---|---|
| 6 | 377374.923 | 424425.433 |
| 7 | 377356.759 | 424445.302 |
| 8 | 377351.484 | 424442.888 |
| 9 | 377324.646 | 424434.833 |
| 10 | 377307.025 | 424426.207 |
| 11 | 377282.040 | 424409.655 |
| 12 | 377319.170 | 424371.478 |
| 13 | 377281.577 | 424331.209 |
| 14 | 377234.779 | 424376.141 |
| 15 | 377240.446 | 424382.100 |
| 16 | 377199.164 | 424338.688 |
| 17 | 377245.934 | 424294.069 |
| 18 | 377209.951 | 424257.464 |
| 19 | 377162.831 | 424300.480 |
| 20 | 377127.073 | 424262.877 |
| 21 | 377172.392 | 424219.255 |
| 22 | 377134.838 | 424181.051 |
| 23 | 377087.402 | 424221.160 |

### Byggingarreitir

| Hnit | X | Y |
|---|---|---|
| 104 | 377325.313 | 424424.025 |
| 105 | 377341.689 | 424407.187 |
| 106 | 377315.356 | 424389.742 |
| 107 | 377297.619 | 424407.980 |
| 108 | 377280.652 | 424396.740 |
| 109 | 377298.389 | 424378.502 |
| 110 | 377267.838 | 424358.263 |
| 111 | 377249.356 | 424376.008 |
| 112 | 377235.101 | 424361.968 |
| 113 | 377253.135 | 424344.653 |
| 114 | 377231.379 | 424321.775 |
| 115 | 377213.290 | 424339.032 |
| 116 | 377199.508 | 424324.538 |
| 117 | 377217.597 | 424307.282 |
| 118 | 377195.577 | 424284.126 |
| 119 | 377177.110 | 424300.985 |
| 120 | 377163.325 | 424286.489 |
| 121 | 377181.792 | 424269.630 |
| 122 | 377159.181 | 424245.852 |
| 123 | 377141.169 | 424263.189 |
| 124 | 377127.386 | 424248.696 |
| 125 | 377145.398 | 424231.358 |
| 126 | 377124.529 | 424209.411 |
| 127 | 377105.405 | 424225.580 |

### Miðlína vegar

| Hnit | X | Y |
|---|---|---|
| 200 | 378343.014 | 424998.419 |
| 201 | 378343.115 | 424983.901 |
| 202 | 378342.539 | 424969.692 |
| 203 | 378340.620 | 424955.601 |
| 204 | 378337.769 | 424940.175 |
| 205 | 378333.873 | 424915.718 |
| 206 | 378331.193 | 424891.098 |
| 207 | 378328.604 | 424860.232 |
| 208 | 378317.317 | 424860.167 |
| 209 | 378324.180 | 424807.495 |
| 210 | 378335.366 | 424807.535 |
| 211 | 378322.120 | 424782.936 |
| 212 | 378308.124 | 424737.784 |
| 213 | 378274.951 | 424704.106 |
| 214 | 378241.402 | 424683.336 |
| 215 | 378231.509 | 424678.623 |
| 216 | 378220.826 | 424676.179 |
| 217 | 378203.648 | 424674.192 |
| 218 | 378162.168 | 424667.620 |
| 219 | 378121.386 | 424657.591 |
| 220 | 378101.194 | 424651.715 |
| 221 | 378085.717 | 424648.089 |
| 222 | 378069.943 | 424646.121 |
| 223 | 378062.826 | 424645.614 |
| 224 | 378018.123 | 424639.515 |
| 225 | 377974.575 | 424627.715 |
| 226 | 377932.645 | 424613.395 |
| 227 | 377914.888 | 424608.389 |
| 228 | 377896.692 | 424605.336 |
| 229 | 377852.506 | 424600.369 |
| 230 | 377738.372 | 424580.792 |
| 231 | 377627.266 | 424548.152 |
| 232 | 377573.301 | 424528.840 |
| 233 | 377556.896 | 424520.748 |
| 234 | 377542.758 | 424509.141 |
| 235 | 377528.634 | 424494.540 |
| 236 | 377516.039 | 424481.521 |
| 237 | 377499.431 | 424522.790 |
| 238 | 377507.879 | 424530.122 |
| 239 | 377493.255 | 424528.765 |
| 240 | 377483.827 | 424533.121 |
| 241 | 377473.736 | 424530.660 |
| 242 | 377435.943 | 424506.157 |
| 243 | 377424.208 | 424498.311 |
| 244 | 377412.701 | 424490.134 |
| 245 | 377361.206 | 424452.436 |
| 246 | 377353.517 | 424447.848 |
| 247 | 377345.106 | 424444.775 |
| 248 | 377336.841 | 424442.609 |
| 249 | 377335.452 | 424451.025 |
| 250 | 377328.577 | 424440.443 |
| 251 | 377316.187 | 424436.081 |
| 252 | 377304.678 | 424429.750 |
| 253 | 377246.404 | 424391.145 |
| 254 | 377241.313 | 424387.519 |
| 255 | 377236.093 | 424397.124 |
| 256 | 377238.076 | 424384.926 |
| 257 | 377230.501 | 424377.810 |
| 258 | 377114.335 | 424255.650 |
| 259 | 377105.095 | 424264.436 |
| 260 | 377115.432 | 424275.306 |

X = austurhnit Y = norðurhnit
Hnit fengin af uppréttri loftmynd, með 1 m greinihæfni

## AUGLÝSING OG SAMÞYKKT

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann ___________ 2025.

_______________________________________

Samþykkt deiliskipulag var auglýst í B- deild Stjórnartíðinda þann _________2025.

DEILISKIPULAG FRÍSTUNDABYGGÐAR VIÐ EYJAFLÖT, EYJAR 2 Í KJÓSARHREPPI

| Mælikvarði | Dagsetning | Verkheiti | Skráarheiti | Uppdráttur |
|---|---|---|---|---|
| 1:2000 (A1)<br>1:50.000 | 15.10.2025<br>13.11.2025 | d1339-Eyjar II | d1339-Eyjar II Eyjaflöt.dgn | VÞ |


Borgarbraut 61, 310 Borgarnes - sími 4351254
landlinur@landlinur.is - www.landlinur.is

Sigurbjörg Ósk Áskeldóttir
Landslagsarkitekt FÍLA